# DEILISKIPULAG SÚGANDISEYJAR

# STYKKISHÓLMSBÆR




## HNITASKRÁ - ISN93

**Megin gönguleiðir**

| Hnit | X | Y | Hnit | X | Y |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 324881.34 | 514063.56 | 30 | 324996.02 | 514181.53 |
| 2 | 324894.71 | 514078.83 | 31 | 324988.87 | 514177.06 |
| 3 | 324899.48 | 514080.56 | 32 | 324981.68 | 514171.01 |
| 4 | 324912.25 | 514085.66 | 33 | 324975.48 | 514166.97 |
| 5 | 324925.87 | 514091.88 | 34 | 324968.47 | 514164.58 |
| 6 | 324937.72 | 514092.43 | 35 | 324961.87 | 514162.38 |
| 7 | 324963.80 | 514083.43 | 36 | 324955.96 | 514158.73 |
| 8 | 324985.23 | 514077.22 | 37 | 324946.23 | 514158.42 |
| 9 | 324990.34 | 514075.89 | 38 | 324940.50 | 514161.64 |
| 10 | 324997.07 | 514083.12 | 39 | 324935.83 | 514159.65 |
| 11 | 324998.39 | 514085.44 | 40 | 324919.82 | 514144.22 |
| 12 | 324996.36 | 514092.88 | 41 | 324912.56 | 514134.56 |
| 13 | 324995.06 | 514100.90 | 42 | 324902.64 | 514122.91 |
| 14 | 325001.29 | 514088.00 | 43 | 324899.01 | 514123.73 |
| 15 | 325010.71 | 514093.66 | 44 | 324892.14 | 514119.12 |
| 16 | 325017.77 | 514102.42 | 45 | 324875.96 | 514107.99 |
| 17 | 325032.08 | 514118.29 | 46 | 324867.71 | 514103.78 |
| 18 | 325034.03 | 514115.70 | 47 | 324858.70 | 514096.63 |
| 19 | 325035.28 | 514112.96 | 48 | 324853.84 | 514090.68 |
| 20 | 325045.91 | 514134.09 | 49 | 324843.58 | 514079.93 |
| 21 | 325052.72 | 514145.84 | 50 | 324836.89 | 514074.93 |
| 22 | 325057.69 | 514154.70 | 51 | 324837.42 | 514071.42 |
| 23 | 325061.92 | 514155.41 | 52 | 324841.97 | 514069.88 |
| 24 | 325045.19 | 514164.32 | 53 | 324849.01 | 514069.83 |
| 25 | 325031.87 | 514172.25 | 54 | 324870.61 | 514079.78 |
| 26 | 325019.93 | 514182.14 | 55 | 324882.10 | 514092.22 |
| 27 | 325016.09 | 514184.46 | 56 | 324888.71 | 514096.14 |
| 28 | 325011.62 | 514184.86 | 57 | 324898.30 | 514092.68 |
| 29 | 325004.13 | 514183.84 | 58 | 324900.25 | 514103.61 |

**Aðrar gönguleiðir**

| Hnit | X | Y |
|---|---|---|
| 59 | 324989.18 | 514071.64 |
| 60 | 324975.91 | 514068.79 |
| 61 | 324968.64 | 514068.65 |
| 62 | 324961.86 | 514071.25 |
| 63 | 325039.74 | 514118.70 |
| 64 | 325044.28 | 514125.67 |
| 65 | 324945.28 | 514171.65 |
| 66 | 324952.88 | 514178.62 |
| 67 | 324921.31 | 514171.51 |
| 68 | 324904.41 | 514164.12 |
| 69 | 324892.61 | 514151.83 |
| 70 | 324891.55 | 514145.83 |
| 71 | 324893.47 | 514140.66 |
| 72 | 324897.02 | 514132.94 |
| 73 | 324873.84 | 514114.82 |
| 74 | 324870.28 | 514120.49 |

**Byggingarreitur**

| Hnit | X | Y |
|---|---|---|
| 90 | 324992.72 | 514107.78 |
| 91 | 324996.30 | 514107.78 |
| 92 | 324996.30 | 514104.20 |
| 93 | 324992.72 | 514104.20 |
| 94 | 325059.21 | 514160.50 |
| 95 | 325070.33 | 514160.50 |
| 96 | 325070.33 | 514152.12 |
| 97 | 325059.21 | 514152.12 |

X = austurhnit Y=norðurhnit
Hnit fengin af uppréttri loftmynd, með 10 cm greinihæfni

## 1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

### 1.1 Staðhættir

Tillaga að deiliskipulagi Súgandiseyjar er innan óbyggðs svæðis, innan þéttbýlis Stykkishólmsbæjar, skv. samþykktu Aðalskipulagi Stykkishólms 2002- 2022. Deiliskipulagssvæðið tekur til 3,5 ha svæðis. Eyjan var upphaflega rétt utan við Stykkishólm, en var tengd landi með uppfyllingu upp úr 1980, þegar hafnaraðstaða var útbúin fyrir Breiðarfjarðarferjuna. Framkvæmdin var fullbúin í byrjun árs 1990. Við þessa breytingu varð eyjan eftirsóknarverður staður fyrir heimamenn og gesti bæjarins til göngu- og náttúruupplifunarferða. Vinsælt er að ganga upp á Súgandisey á meðan beðið er eftir Breiðarfjarðarferjunni Baldri. Á eyjunni er einstakt útsýni yfir Stykkishólm og Breiðarfjörð og þar er mikið fuglalíf. Eyjan skýlir bæði höfn og bænum fyrir norðanáttinni. Hlíðar eyjunnar eru brattir stuðlabergsklettar, en ofan á eyjunni er aflíðandi grasi vaxinn kollur. Á hæsta punkti hennar trónir viti. Vitinn var reistur árið 1897 á Gróttu á Seltjarnarnesi, en var fluttur í Súgandisey árið 1948. Vitinn er friðaður. Eitt siglingamerki er staðsett á norðanverðri eyjunni.

Skipulagssvæðið afmarkast af sjó á móti vestri, norðri og austri, á móti suðri afmarkast skipulagssvæðið af höfninni. Innan skipulagssvæðis verður öryggi sjófarenda tryggt, þ.e. að viti og siglingamerki verða á óbreyttum stað, lega gönguleiða, staðsetning áningastaða og efnisnotkun mannvirkja ákveðin. Aðkoma að skipulagssvæðinu verður óbreytt með tröppum upp á eyjuna frá hafnarsvæði. Landið er í eigu sveitarfélagsins.

### 1.2 Markmið og forsendur skipulagsins

Megin markmið skipulagsins er tvíþætt, annars vegar að skapa ramma utanum svæði fyrir útivistarfólk til göngu– og náttúruupplifunar og hins vegar að tryggja öryggi sjófarenda með sjótengdum mannvirkjum. Skipulagið byggir á núverandi aðstæðum ásamt því að leggja línur um framtíð svæðisins.

Samkvæmt skýrslu frá Umhverfisstofnun *Landvarsla við Breiðafjörð 2020*, þarf að fara í úrbætur á göngustígum og innviðum Súgandiseyjar. Í skýrslunni segir: *„Hanna mætti útsýnispall/a þar sem einna helst er farið nálægt brúnum. Einnig mætti loka af villustígum með merkingum eða girðingum og græða þá upp eftir megni. Uppfæra þarf kort sem er á skilti við uppgöngu á eyjuna, en kortið sýnir aðeins hluta af göngustígunum."* Það er einnig mat sveitarfélagsins að mikil fjölgun ferðamanna kalli á enn frekari uppbyggingu og nýja nálgun í hönnun og efnisvali. Áningarstaðir þurfa að vera stærri að umfangi, bæta við minni stígum og huga þarf betur að öryggi ferðamannsins.

Rannsóknarmiðstöð ferðamála og Rannsóknasetur Háskóla Íslands framkvæmdi könnun sumarið 2018 fyrir Ferðamálastofu, þar sem meðal annars kemur fram að helsta ástæða fyrir komu erlendra ferðamanna til Stykkishólms, er staðsetning og fegurð bæjarins og nágrennis. Niðurstaða könnunarinnar var birt í skýrslu árið 2019: *„Erlendir ferðamenn í Stykkishólmi sumarið 2018 – Niðurstöður ferðavenjukönnunar".* Í skýrslunni kemur fram að áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Stykkishólmi árið 2018 var um 235 þúsund og að útivist er vinsælasta afþreying erlendra ferðamanna í Stykkishólmi. Tæplega helmingur ferðamannanna, sem tóku þátt í könnuninni, ætluðu í gönguferð á meðan á dvölinni stóð, um 25% ætluðu að fara í fuglaskoðun, 21% vildu smakka mat úr héraði, 13% ætluðu að heimsækja söfn og 11% ætluðu í bátsferð. Gera má ráð fyrir að margir af þeim ferðamönnum sem sækja Stykkishólm heim gangi upp á Súgandisey. Könnunin gefur það enn fremur sterklega til kynna að ferðamenn í Stykkishólmi sækjast eftir að skoða fugla frá landi.

Sumarið 2020 fór Stykkishólmsbær í samvinnu við Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) og auglýsti hönnunarsamkeppni um hönnun útsýnisstaðar á Súgandisey. Hönnunarsamkeppnin hlaut styrk árið 2020 frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Keppnin var haldin í samstarfi við Félag íslenskra landslagsarkitekta FÍLA og óskuðu 22 hönnunarteymi eftir því að taka þátt í samkeppninni. Í viðurvist votta voru fjögur teymi dregin út til að taka þátt í keppninni. Tillögur bárust frá öllum teymum til dómnefndar. Tillögurnar báru heitið Fjöreggið, Hólmurinn, Perlan og Stefnið. Það var ekki tilkynnt hver ætti hvaða tillögu fyrr en eftir að búið var að velja vinningstillöguna. Fyrir valinu var Fjöreggið, sem er afskaplega fáguð hönnun. Í greinargerð vinningstillögunnar kemur fram að við hönnun hafi verið leitast við að finna jafnvægi á milli þess náttúrulega og manngerða, þar sem varfærni, virðing og auðmýkt gagnvart staðnum voru leiðarstef í hugmyndavinnu og lausn verkefnisins.

Vinningstillagan var unnin af Glámu-Kím og Landslagi, í samstarfi við Ólöfu Nordal og Gunnar Karlsson. Vinningstillagan ásamt hinum tillögunum er mikilvægt innlegg inn í deiliskipulagsvinnuna sem framundan er. Deiliskipulagið mun þó taka sérstaklega mið af vinningstillögunni og þeirri hugmyndafræði og hönnun sem þar kemur fram. Í tillögunni segir: *„Markmiðið var að hrófla við sem minnstu og bæta við sem fæstu. Þannig er notað efni sem fyrir er í eynni, bæði huglægt og efnislega. Unnið er með formgerð svæðisins, liti og tákn og vísan í gamlar sagnir og trú. Tillagan er þrískipt, Klofið við Stöngina, Fjöregg, og göngu- og útsýnisstaðir eyjunnar."* Enn fremur segir í tillögunni: *„Fyrst og fremst er Fjöreggið hugsað sem kennileiti fyrir Stykkishólm og sem glettinn, gamansamur og óvæntur áningarstaður til að njóta Súgandiseyjar og útsýnisins yfir Breiðaafjörð og eyjarnar. Fjöreggið sækir form sitt og tilurð í hið margbrotna fuglalíf Breiðafjarðar þar sem nytjar eggs og fugls voru fjöregg Breiðfirðinga þannig að þar skorti aldrei mat. Í þjóðsögunum geymir fjöreggið lífið og gæfuna. Tröllin spiluðu djarft með fjöreggin sín og léku sér að því að henda þeim á milli sín þar til þau dóu bara út.*

*Við Breiðafjörðinn finnast egg og eggjaskurnir alls staðar þar sem farið er um sem myndbirting þess að hér hafi kviknað líf og að lífkeðjan sé enn órofin. Gæfan og lífið er fallvalt og viðkvæmt. Fjöreggið í Stykkishólmi vegur salt á egginni til áréttingar um að leika okkur ekki að fjöreggi náttúrunnar, heldur í fjöreggi náttúrunnar."*

Varðandi efnisnotkun segir í tillögunni: *„Fjöreggið verður steypt úr brons sem fær að taka á sig náttúrulega spanskgrænu þar sem litatónn og áferð ræðst af efnasamsetningu umhverfisins. Veggirnir eru þunnir sem skel með götum sem teikna flekki á eggið eins og á eggjum sjófugla. Inni í forminu sjálfu verður samspil umhverfishljóða og sjávarlyktar, sólar og skugga."*

Í tillögunni er enn fremur lögð fram hugmynd að handriði og áningarstað við Klofið sunnan við Stöngina. Í tillögunni segir: *„Sett verður upp handriði sem gefur gestum aðgang og tækifæri til að horfa niður eftir stuðlabergsveggjunum, ofan í sjóinn og inn í skoru í berginu þar sem sjá má fugla. Handriðið er í breytilegri fjarlægð frá bjargbrún og gefur færi á að skoða Stöngina vel frá mörgum sjónarhornum. Það verður að einföldum handlista þar sem fjarlægð frá bjargbrún leyfir, en þéttara eins og lög og reglur segja til um, þegar því er komið fyrir úti á ystu brún bergsins. Þannig skapast öruggar aðstæður til að skoða bergdrangann og umhverfið, annað hvort með því að styðjast við grindverkið eða tylla sér í aðliggjandi grasbala. Teikning handriðsins er sótt í ölduhreyfingu hafs og grass. Handriðið verður úr svörtu smíðastáli sem ryðgar og er borað niður í bergið."*

### 1.3 Aðrar skipulagsáætlanir

Svæðisskipulag Snæfellsness 2014- 2026 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 24. mars 2015, sem samþykkt var í svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi þann 14. nóvember 2014. Svæðisskipulagið nær til sveitarfélaganna Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Stykkishólmsbæjar, Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Í svæðisskipulaginu er meðal annars mörkuð stefna um staðaranda og gæði.

Aðalskipulag Stykkishólms 2002- 2022 var staðfest af Umhverfisráðherra þann 9. júlí 2002. Í Aðalskipulagi er Súgandisey skilgreind sem óbyggt svæði. Í stefnu aðalskipulags er varðar óbyggð svæði kemur fram að óbyggð svæði eru meðfram strandlengjunni, Súgandisey og Heljarmýri auk þess sem holt meðfram þjóðveginum er skilið eftir til að skýla athafnasvæði.

Í aðalskipulagi er lögð áhersla á verndun og varðveislu gamla bæjarins í Stykkishólmi og umfjöllun um að landslag haldi sem mest einkennum sínum þar. Þá er sérstaklega hugsað til þess að takmarka landfyllingar í deiliskipulagsáætlunum og aðlögun nýrra framkvæmdaáforma að gamla bænum.

Þar sem ekki er mörkuð stefna um Súgandisey í aðalskipulagi sveitarfélagsins að öðru leiti en því að þar eigi að vera óbyggt svæði, er talin þörf á að fara í lýsingarferli deiliskipulags sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag Súgandiseyjar styður við og er í samræmi við ofangreindar skipulagsáætlanir.

### 1.4 Minjar

Fornleifaskráning var framkvæmd fyrir Stykkishólm, *Fornleifaskráning í Stykkishólmi*, höf. Ágústi Ólafur Georgssyni, 1987 . Í Aðalskipulagi Stykkishólms eru minjar sem settar hafa verið í A- flokk, þ.e. minjar með mikið minjagildi þar sem friðun er æskilega, merktar inn á þéttbýlisuppdrátt. Engar friðlýstar fornminjar eða minjar í A, B eða C-flokki sbr. ofangreindri skráningu eru innan skipulagssvæðis. Minjastofnun Íslands setti fram nýja staðla fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundin 1. janúar 2013. A, B og C flokkar eru ekki lengur til heldur eru allar minjar, 100 ára og eldri friðaðar. Vitinn á eyjunni var reistur árið 1897 og er því friðaður vegna aldurs. Húsaskráning vitans hefur verið unnin sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og verndargildi metið. Skráningin er unnin í tengslum við gerð deiliskipulags. Samkvæmt fyrirliggjandi mati er varðveislugildið hátt, ljóshúsið er frá árinu 1897 og hefur því ótvírætt minjagildi vegna aldurs, enda er það orðið ríflega 120 ára gamalt og er friðað sbr. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Samanber 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar segir: *„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands."*

### 1.5 Flóra og fána

Í eyjunni verpa þúfutittlingur og maríuerla reglulega og sum ár einnig t.d. hrafn. Frá eyjunni má með þolinmæði og sjónauka að vopni sjá flesta fugla fjarðarins og sé heppnin með getur sést til sela eða jafnvel hvala, einkum hnýðings, hnísu eða háhyrnings. Eyjan er umlukin klettabelti, þar sem finna má ýmsar saltþolnar plöntur og fallegar fléttur. Athyglisverður munur er á tegundasamsetningu fléttna eftir því í hvaða átt klettarnir snúa. Skýrastur er sá munur á suðausturhorni eyjarinnar, þar sem öðru megin eru ljósleitar fléttur en hinum megin appelsínugular. Ofan á eyjunni sjálfri eru grös og starir ríkjandi, þótt finna megi ýmsar aðrar plöntur *(heimild: Náttúrustofa Vesturlands)*. Ekki er mikið fuglalíf í sjálfum klettunum en Hrafnapar hefur verpt í klettunum í suðvestur hluta eyjunnar.

Breiðafjörður er á skrá Important Bird Areas IBA, sem stendur fyrir alþjóðleg mikilvæg fuglasvæði.

Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun Íslands er varðar *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi* eru þrjár vistgerðir sem eru með mjög hátt eða miðlungs verndargildi á svæðinu. Þær eru lyngmóavist á láglendi, starungsmýravist og stinnastararvist og eru þær á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Vistgerðakortið Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi er unnið í mælikvarðanum 1:25.000 og er því ekki nákvæmt í öðrum mælikvarða t.d. í 1:2000. Lyngmóavist á láglendi er í norður og austur hlíðum eyjunnar. Starungsmýravist er á mjög afmörkuðum svæðum eins og litlum dældum og lautum. Stinnastaravist er í suður hlíðum eyjunnar.

Í lyngmóavist á láglendi er með miðlungs verndargildi. Í lyngmóavist á láglendi getur verið allríkulegt fuglalíf, algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur, hrossagaukur, spói, heiðlóa, lóuþræll og rjúpa. Lóuþræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Í starungsmýravist er með mjög hátt verndargildi. Í vistgerðinni getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundir eins og lóuþræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps.

Í stinnastararvist er með miðlungs verndargildi, vistgerðin er nýr flokkur, vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í stinnastararvist getur verið miðlungs ríkt fuglalíf og algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur, spói, heiðlóa, hrossagaukur og lóuþræll.

Á framkvæmdatíma skal taka sérstaklegt tillit til starungsmýravist og fuglalífs sem nýtir slíka vistgerðir til varps. Jarðraski sem fylgir framkvæmdum skal stillt í hóf eins og kostur er og ef landsár verða skal græða jafnóðum upp með staðargróðri. Samanber umsögn Náttúrfræðistofnunar Íslands við lýsingu deiliskipulags er talið æskilegt að gera könnun á fuglalífi svæðisins til að meta hvar t.d. viðkvæmustu varpsvæðin eru þ.m.t. í klettum.

### 1.6 Umhverfismál og náttúruvernd

Snæfellsnes hefur hlotið umhverfisvottun frá Earth Check. Sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi, sem eru Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundafjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær, er fyrsta samfélag í Evrópu til að hljóta Earth Check vottun og fjórða samfélagið í heiminum. Stykkishólmur hefur verið framarlega í umhverfismálum á Íslandi. Má þar nefna að Stykkishólmshöfn er fyrsta höfnin á Íslandi til að hljóta Bláfána og bærinn hlaut viðurkenningu EDEN sem gæðaáfangastaður árið 2011.

Í gildi eru lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Stærð svæðisins sem lögin ná til er um 20.000 ha. Súgandisey fellur undir lög um vernd Breiðafjarðar. Samkvæmt lögunum skal Breiðafjarðarnefnd, í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014- 2019 var staðfest af umhverfisráðherra fyrir árin 2015- 2019. Í verndaráætluninni er lögð áhersla á ofangreinda þætti laganna þ.e. landslag, jarðmyndanir, lífríki og menningarminjar.

Við gerð deiliskipulagsáætlunar var umhverfismál og náttúruvernd höfð í fyrrirúmi. Það verður leiðbeinandi fyrir áframhaldandi hönnunarvinnu og leggja grunn að framtíðarsýn eyjarinnar. Skipulagið er í samræmi við lög um vernd Breiðarfjarðar nr. 54/1995, verndaráætlun Breiðafjarðar 2014- 2019 og er í samræmi við framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2019- 2023 sem varðar umhverfisvottun fimm sveitarfélaga á Snæfellsnesi skv. staðli Earth Check.

### 1.7 Jarðfræði og náttúruvá

Brattar og háar hlíðar Súgandiseyjar eru með formfögrum stuðlabergsmyndunum. Berggrunnur eyjarinnar er basískur, með ísúrt gosberg frá síð-tertíer tíma, um 3.3 milljón ára gamalt. Jarðskjálftahætta er lítil á svæðinu og ólíklegt er að sterkur skjálfti verði á þessum slóðum með hliðsjón af legu helstu skjálftabelta.

## 2 SKIPULAGSSKILMÁLAR

### 2.1 Samgöngur

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá hafnarsvæði Stykkishólmshafnar. Tröppur liggja þaðan upp á eyjuna. Aðkoma Vegagerðarinnar varðandi nauðsynlegar breytingar, viðhald og þjónustu skal ávallt vera tryggt sbr. vegalögum, lög um vitamál og Hafnalög.

Heimilt er að setja ný siglingamerki innan skipulagssvæðis þar sem þarf. Frágangur skal vera snyrtilegur og ganga frá öllum landsárum.

### 2.2 Efnisnotkun

Innan skipulagssvæðis skal hafa að leiðarljósi við val á efni að það falli vel að umhverfi og staðaranda. Efnisval og útlit skal vera samræmt. Ef þess er kostur skal nota efni frá Súgandisey eða nágrenni eins og torf í sniddukanta, grjót í gólflögn, þrep og sæti, og möl í stíga. Harðgert timbur, sem er látið grána, má einnig nota í bekki, þrep og gólf. Málmur með mattri ryðáferð skal notað í handrið, skilti og sorpílát. Listaverkið Fjöreggið verður úr brons/kopar eða sambærilegu efni.

### 2.3 Gönguleiðir

Aðkoma að Súgandisey er upp tröppur sem eru staðsettar að sunnanverðu. Gönguleiðir eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Stuðst er meðal annars við rannsókn Umhverfisstofnunar, *Ferðahegðun við Súgandisey,* sem framkvæmd var í júlí 2020, við ákvörðun um legu gönguleiða og áningastaða. Samanber rannsókn Umhverfisstofnunar og rýni í gróðurslit vegna átroðnings, er augljós tilhneiging hjá fólki að ganga mjög nærri klettabrúnum. Hingað til hefur verið reynt að leiða fólk frá þeim, eins og núverandi göngustígakerfi ber glöggt merki. Til að koma til móts við þessa hegðun fólks verður brugðið á það ráð að leggja til nokkrar gönguleiðir meðfram klettabrúnum á vel völdum stöðum sem varðar eru með handriðum til að tryggja öryggi fólksins.

Megin gönguleiðir verða að hámarki 2 m á breidd og aðrar gönguleiðir verða að hámarki 1 m á breidd. Gönguleiðir skulu vera greiðfærar og falla vel inn í landið. Göngustígar skulu vera malarbornir. Þrep og tröppur skulu vera úr harðgerðu timbri sem er látið grána eða hlaðnar úr staðargrjóti.

### 2.4 Handrið

Um er að ræða handrið sem annars vegar hefur það hlutverk að beina göngufólki ákveðna leið og hins vegar að auka öryggi þess. Með uppsetningu handriða er hægt að færa gönguleiðir og áningarstaði nær brúnum, en auka samtímis öryggi fólks og bæta náttúruupplifun þeirra. Staðsetning handriða eru sýnd á skipulagsuppdrætti. Handrið skulu vera úr svörtu smíðastáli sem ryðgar og vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

### 2.5 Áningarstaðir

Áningarstaðirnir bjóða upp á fjölbreytt útsýni og náttúruupplifun, eins og t.d. yfir bæinn/höfnina, innsiglinguna og Breiðafjörðinn. Um er að ræða átta áningarstaði. Áningarstaðirnir eru sýndir á skipulagsuppdrætti og eru skilgreindir með nöfnum. Gólf áningarstaða skal vera malarborin eða jarðvegur hreinsaður af klöpp og hún notuð sem yfirborð eða lögð náttúrugrjóti eða úr harðgerðu timbri sem er látið grána. Tveir áningarstaðir eru með byggingarreiti. Annars vegar fyrir vitann og hinsvegar fyrir Fjöreggið.

### 2.6 Upplýsingarskilti

Gert er ráð fyrir að koma upp fræðslu- og upplýsingaskilti við tröppur sem liggja upp á eyjuna og á áningarstöðum eftir þörfum. Heimilt er að merkja gönguleiðir og setja upplýsingarskilti í grennd við áhugaverða staði sem talið er æskilegt að merkja. Fjöldi og stærð skilta skal haldið í lágmarki og þau skulu vera liggjandi. Þau skilti sem sett verða upp skulu vera samræmd hvað varðar útlit og efnisval. Skilti skulu falla vel að umhverfinu. Skilti skulu vera úr svörtu smíðastáli sem ryðgar.

### 2.7 Bekkir

Gert er ráð fyrir bekkjum í tengslum við gönguleiðir, áningarstaði og mögulega á öðrum stöðum eftir því sem þörf þykir. Bekkirnir þurfa að falla vel að umhverfi. Bekkir skulu vera úr harðgerðu timbri sem er látið grána og/eða úr staðargrjóti, og/eða smíðastáli sem er látið ryðga.

### 2.8 Sorp

Sorpílát skulu sett upp í tengslum við áningastaði og/eða á krossgötum gönguleiða. Sorpílát skulu vera úr svörtu smíðastáli sem ryðgar. Sorp, losun og förgun skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni.

### 2.9 Gróður

Óheimilt er að gróðursetja plöntur sem eiga ekki uppruna sinn í íslensku plöntuflórunni innan skipulagssvæðis. Landsár skulu grædd upp með staðargróðri.

### 2.10 Lýsing

Ljós er á vitanum. Heimilt verður að setja upp milda lýsingu inn í Fjöreggið. Önnur lýsing er ekki heimil á eyjunni.

## 3 BYGGINGARSKILMÁLAR

Framkvæmdaraðili sækir um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar.

### 3.1 Byggingarreitir

Tveir byggingarreitir eru skilgreindir innan skipulagssvæðis. Annars vegar utan um vitann og hins vegar þar sem fyrirhugað er að setja upp listaverkið Fjöreggið.

### 3.2 Vitinn

Heimilt er að endurbyggja vitann ef þess gerist þörf.
**Byggingarefni** skal vera járnsteypa, að eins miklu leiti og kostur er.
**Hæð** er að hámarki 3,5 m.
**Litaval** skal vera í samræmi við kröfur hafnarstjórnar .

### 3.3 Siglingamerki

Heimilt er að endurbyggja siglingamerki og setja ný siglingamerki innan skipulagssvæðis þar sem þörf er á.

### 3.4 Fjöreggið

**Byggingarefni** skal vera brons/kopar eða sambærilegt efni.
**Hæð** er að hámarki 5,5 m.
**Breidd** er að hámarki 4 m.
**Litaval** skal vera náttúrleg spanskræna eða brons.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Lögð er áhersla á í skipulagsáætluninni að raska sem minnst landslagi, jarðmyndunum, lífríki og/eða menningarminjum á eyjunni. Talið er að áhrif vegna framkvæmda verði ekki veruleg. Með því að stýra umferð gangandi fólks er verið að vernda svæðin sem hafa verið röskuð vegna átroðnings, með bættum gönguleiðum og/eða handriðum, verður hægt að græða þau sár upp sem er mjög jákvætt. Samfélagsleg og hagræn áhrif skipulagsins verða jákvæð, þar sem uppbygging mun leiða af sér að fólk staldri við í sveitarfélaginu, öryggi fólks verði betur tryggt, upplifun verður jákvæðari og innihaldsríkari og eykur jákvætt orðspor svæðisins.

Deiliskipulagsáætlunin markar stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, en svæðið nýtur verndar samkvæmt sérlögum, þ.e. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Framkvæmdir innan verndarsvæðis geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Framkvæmdaraðila ber þá að tilkynna Skipulagsstofnun um hana, en stofnunin tilkynnir hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum.

## 5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykki á 400. fundi sínum þann 26.6. 2021 lýsingu á deiliskipulagstillögu Súgandiseyjar. Kynning lýsingar var birt á heimasíðu sveitarfélagsins og einnig auglýst þann 4. maí á heimasíðu sveitarfélagsins www.stykkisholmur.is. Skipulagslýsingin var til sýnis í ráðhúsi Stykkishólms, þar sem hagsmunaaðilar gátu kynnt sér lýsingu deiliskipulagstillögu. Skilafrestur ábendinga við lýsingunni var til 3. júní 2021. Engar ábendingar bárust. Óskað var umsagnar lýsingar deiliskipulags hjá eftirfarandi stofnunum: Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofa Vesturlands, Umhverfisstofnun, Hafnarstjórn Stykkishólmshafnar og Vegagerðinni. Enn fremur var óskað umsagnar Breiðafjarðarnefndar og Svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi sem standa að Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026. Umsagnir bárust frá öllum aðilum nema Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Náttúrustofu Vesturlands. Brugðist hefur verið við umsögnum við mótun tillögu deiliskipulags.

Deiliskipulagstillaga var kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum með opnum dögum þann XXX og XXXX 2021. Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn til auglýsingar þann XXX sbr. 1. mgr.41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að lokinni samþykkt skal sveitarstjórn senda tillöguna til umsagnar Skipulagsstofnunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna verður tillagan auglýst. Reikna má með að deiliskipulagstillaga verði auglýst í XXX. Auglýsingartími eru 6 vikur og gefst þá hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Deiliskipulagið tekur gildi þegar staðfesting skipulagsins hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og má reikna með að það verði haustið 2021.

## 6 LÖG OG REGLUGERÐIR

Að öðru leyti er vísað til gildandi laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulagslög (1223/2010), lög um mannvirki (160/2010), lög um náttúruvernd (60/2013), vegalög (80/2007), lög um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998), lög um menningarminjar (80/2012), skipulagsreglugerð (90/2013), byggingarreglugerð (112/2012), lög um vitamál (132/1999) og Hafnalög (61/2003).




## AUGLÝSING OG SAMÞYKKT

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann _________ 2021.

___________________________________

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B- deild Stjórnartíðinda þann _________2021.

DEILISKIPULAG SÚGANDISEYJAR
STYKKISHÓLMSBÆR

| Mælikvarði | Dagsetning | Verkheiti | Skráarheiti | Uppdráttur |
|---|---|---|---|---|
| 1:1000 (A1) | 16.07.2021 | d1290-Súgandisey | d1290-Súgandisey.dgn | VÞ |


Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA